



Sveitarstjórnarfundur 21. nóvember 2024

Fimmtudaginn 21. nóvember 2024 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 26. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Hildur Aradóttir, Arnlín Óladóttir og Sunna Einarsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Oddviti leitar afbrigða sbr. lið nr. 7

Dagskrá 26. fundar:

1. Fundargerð 25. sveitarstjórnarfundar 06.11.2024
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Fjárhagsáætlun 2025 – Fyrri umræða
5. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 – Fyrri umræða
6. Gjaldskrár sveitarfélagsins
7. Útskipting úr landi Reykjaness

Fundargerð:

1. Fundargerð 25. sveitarstjórnarfundar 06.11.2024.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir.

3. Aðrar fundargerðir

- a. Stjórnarfundur Sorpsamlags Strandasýslu ehf., 07.11.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- b. 9. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, 11.11.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- c. Samband íslenskra sveitarfélaga, 954. fundur stjórnar, 04.11.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.
- d. Samband íslenskra sveitarfélaga, 955. fundur stjórnar, 15.11.2024.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Fjárhagsáætlun 2025 – Fyrri umræða

Umræða tekin um tekjustofna 2025 og frestað til næsta fundar.

5. Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 – Fyrri umræða

Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 rædd. Oddviti gerir grein fyrir rekstrarliðum sveitarfélagsins og fyrirhuguðum fjárfestingum ásamt fjármögnun.

Kristján Jónsson endurskoðandi sveitarfélagsins gerir grein fyrir fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028.

Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028 afgreidd til síðari umræðu.

Samþykkt samhljóða.

6. Gjaldskrár sveitarfélagsins

Tillaga

- i. Gjaldskrá Drangsnvatnsveitu:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 5% ásamt því að hámarksgjald verði 32.550kr.- og lágmarksgjald hækki í 21.630kr.-
- ii. Gjaldskrá fyrir fráveitur í Kaldrananeshreppi:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 5% ásamt því að hámarksgjald verði 32.550kr.- og lágmarksgjald hækki í 21.630kr.-
- iii. Gjaldskrá fyrir sorphirðu og sorpeyðingu í Kaldrananeshreppi.
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 5%.
- iv. Gjaldskrárhækkun Hitaveitu Drangsness:
Sveitarstjórn ákveður að vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns hækki um 5%, notendagjöld hækki um 5% og eingreiðslugjöld hækki um 5%.
- v. Gjaldskrá Drangsneshafnar:
Sveitarstjórn ákveður að notenda- og eingreiðslugjöld hækki um 5%.
- vi. Gjaldskrá vegna skipulags og byggingargjalda:
Oddviti leggur fram tillögu um að gjöld vegna þjónustu byggingarfulltrúa verði í samræmi við gjaldskrár þeirra sveitarfélaga sem nýta sér þjónustu skipulags- og byggingarfulltrúa Stranda- Dala- og Reykhóla. Tillagan borin upp og samþykkt.
- vii. Ýmsar gjaldskrár og þjónustugjöld sem innheimt eru af Kaldrananeshreppi.
Oddviti leggur til að þjónustugjöld hækki um 5%.

Samþykkt samhljóða.

7. Útskipting úr landi Reykjaness

Óskað er eftir samþykki sveitarstjórnar við útskiptingu úr landi Reykjaness sbr. m.a. 1. mgr. 6. gr. b. 1. laga nr. 6/2001 um skráningu, merkingu og mat fasteigna.

Útskipting lögð fram til kynningar.

Sveitarstjórn samþykkir að veita heimild til útskiptingar úr landi Reykjaness.

Skrifstofustjóra falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21:32